



Miklar launahækkunar og markmið um launajöfnun virðast hafa náðst

5,8% kaupmáttaraukning á einu ári

Launa- og kaupmáttarþróun á síðasta ári var launþegum almennt verulega hagstæð. Regluleg laun landsmanna voru að jafnaði 7,9% hærri á öðrum ársfjórðungi 2015 en á sama fjórðungi 2014, sem gaf að meðaltali 5,8% kaupmáttaraukningu á því tímabili. Kaupmáttur launa er nú orðinn hærri en hann hefur verið nokkurn tíma áður. Kaupmáttur á út frá launavísitölu varð hæstur í ágúst 2007 og náði svo aftur sama stigi í nóvember 2014 og hefur aukist mikið síðan.

Almenn markaðurinn hækkar mest frá síðasta ári ...


Regluleg laun voru að meðaltali 4% hærri á þriðja ársfjórðungi 2015 en á fjórðungnum á undan og jókst kaupmátturinn um 2,8% á þessu tímabili. Árshækkun allra frá öðrum ársfjórðungi 2014 var eins og áður segir 7,9%. Hækkunin var 8,3% á almennum vinnumarkaði og 6,7% hjá opinberum starfsmönnum. Þar af hækkuðu laun ríkisstarfsmanna um 5,9% og laun starfsmanna sveitarfélaga um 7,4%.

Í tölum þriðja ársfjórðungs 2015 gætir áhrifa kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem voru undirritaðir í maí og júní. Þá gætir einnig áhrifa af endurskoðun starfsmatskerfis sveitarfélaga, auk áhrifa úrskurðar gerðardóms um launahækkunar félagsmanna í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og 18 stéttarfélaga í Bandalagi háskólamanna.

... en í langtímasamhengi eru allir á vinnumarkaði á svipuðum slóðum


Sé litið á þróun þessara hópa til aðeins lengri tíma má sjá að frá upphafi ársins 2011 hafa þeir þróast með mjög álíku hætti. Þannig munar einungis 1,4% á launahækkunum almenna markaðarins og hins opinbera á þessu tímabili. Munur getur myndast á milli hópanna á ákveðnum tímabilum, en hann jafnast yfirleitt fljótlega aftur.

Launaþróun og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkunar stóru hópanna frá 3. ársfj. 2014 til 3. ársfj. 2015



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verkafólk hækkar mest í launum, sérfræðingar minnst

Sé litið á launahækkanir starfsstétta milli 3. ársfjórðungs 2014 og 2015 sést að munurinn á milli þeirra er töluverður. Verkfólk og þjónustu- og afgreiðslufólk hefur hækkað sýnu mest og sérfræðingar og stjórnendur minnst. Þessar tölur eru þannig vísbending um að markmið síðustu kjarasamninga um leiðréttingu launa þeirra lægst launuðu hafi náðst að einhverju leyti.

Fjármálaþjónustan sker sig úr

Mælingar fyrir atvinnugreinar byggja á öllum starfsmönnum innan viðkomandi greinar, þannig að sérhver atvinnugrein inniheldur margs konar starfsstéttir.

Sé litið á þróunina frá 3. ársfjórðungi 2014 hafa laun hækkað mest í samgöngum og flutningum, eða um 9,4%, enda mikill uppgangur í ferðaþjónustu. Hækkunir í hinum ýmsu greinum eru á bilinu 8-9% nema í fjármálaþjónustu þar sem hækkunin er einungis 4,7% eða nákvæmlega helmingurinn af hækkuninni í samgöngum og flutningum. Kjarasamningur Samtaka starfsmanna í fjármálaþjónustu og SA var reyndar ekki gerður fyrir en í lok 3. ársfjórðungs þannig að áhrifa hans gætir ekki.


Hefur náðst árangur í launajöfnun?

Þessar tölur gefa góða mynd af því hvernig launin hafa breyst innan hópa á vinnumarkaði, starfsstétta og atvinnugreina. Þetta eru því staðreyndir um meðalþróun innan þessara hópa.


Þessar tölur eru skýr vísbending um að markmið kjarasamninganna á almenna markaðnum um meiri hækkun launa til þeirra lægst launuðu hafa náðst. Þar að auki er kaupmáttarþróunin einstaklega hagstæð, 5,8% kaupmáttaraukning á einu ári er mikil hækkun í sögulegu samhengi.

Viðræður fara nú fram um endurskoðun kjarasamninga í upphafi næsta árs og teflir í tvísýnu í því sambandi. Þar er m.a. tekist á um lækkingu tryggingargjalds sem aðilum vinnumarkaðar finnst nauðsynleg aðgerð til þess að auka möguleika fyrirtækjanna til launagreiðslna án þess að verðbólga fari úr böndum.


Launabreyting hópa á vinnumarkaði



Launahækkun starfsstétta frá 3. ársfj. 2014 til 3. ársfj. 2015



Launabreyting í atvinnugreinum frá 3. ársfj. 2014 til 3. ársfj. 2015





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.